

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, móttökustöð og í Þernunesi.

#### 2. gr.

*Sorpförgunargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 14.777 fyrir förgun á innihaldi hvernar almennrar sorptunnu.

*Sorphreinsunargjald* þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 31.136 fyrir hverja almenna sorptunnu.

#### 3. gr.

Á móttöku- og söfnunarstöðvum er einstaklingum heimilt að skila af sér heimilisúrgangi auk úrgangs frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, ónýtum húsgögnum, dýnum o..þ.h. auk úrgangs frá bifreiðaviðgerðum og húsdýrahaldi. Hámarksstærð hvers farms er 2 m<sup>3</sup>. Stærri farma skal fara með í móttökustöðina á Reyðarfirði.

Fyrirtæki skulu ekki losa eða afhenda úrgang á söfnunarstöðvum Fjarðabyggðar. Fyrirtæki skulu afhenda úrgang á móttökustöð Fjarðabyggðar á Reyðarfirði eða gera þjónustusamning við fyrirtæki með starfsleyfi til að flytja úrgang beint í móttökustöðina Þernunesi.

Móttökugjald fyrir farm á móttökustöðvum Fjarðabyggðar er sem hér segir:

Fyrir magn undir 1 m<sup>3</sup> greiðast 1.500 kr.

Fyrir hvern rúmmetra umfram einn greiðast 5.000 kr.

*Spilliefni*: Ef spilliefni ber ekki úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

#### 4. gr.

Úrgangur skal koma flokkaður við skil á urðunarstað í samræmi við móttökuskilyrði. Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi:

	<i>kr./kg</i> <i>með VSK</i>
<b>Óflokkaður úrgangur:</b>	
<i>Blandaður úrgangur</i>	23,40
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar	
<i>Grófur úrgangur</i>	28,70
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega. Dæmi: teppi, dýnur, húsgögn, steinefni og gler	
<b>Flokkaður úrgangur:</b>	
<i>Timbur</i>	20,80
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Hreint timbur</i> sem má nýta í landmótun	17,80
Móttaka í móttökustöð á Reyðarfirði	
<i>Kjöt og slátur úrgangur</i>	23,40

* Seyra	22,80
* Fita	22,80
* Olíumengaður úrgangur	26,00
* Sóttmengaður úrgangur	26,00

\* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, sem er Fjarðabyggð.

#### 5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. ágúst 2021.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1276/2020.

*Fjarðabyggð, 12. júlí 2021.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.